

Nd.

380. Frumvarp til laga

um framlag úr hafnarbótasjóði til hafnargerðar á Akranesi og ríkisábyrgð fyrir láni í sama skyni.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi skal verja á árinu 1945 1000000 — einni milljón — króna úr hafnarbótasjóði gegn jafnmiklu framlagi frá hafnarsjóði Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 850000 — átta hundruð og fimmtíu þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Akraneskaupstaðar kann að fá til þess að fullnægja ákvæði 1. gr. um framlag af hans hálfu á móti tillagi hafnarbótasjóðs.

3. gr.

Um yfirumsjón verksins og reikningshald fer eftir ákvæðum 2. gr. laga nr. 64 1931, um hafnargerð á Akranesi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Faxaflóa eru, eins og alkunnugt er, einhver beztu og aflsælustu fiskimið, sem til eru við strendur landsins. Á tímabilinu frá áramótum til loka maímánaðar er þar iðulega slíkur uppgripaafli, að slíks eru tæplega dæmi annars staðar. Af þessum sökum kosta fiskimenn í öðrum landshlutum mjög kapps um það að halda úti bátum sínum frá verstöðvum við Faxaflóa á þessu tímabili, enda er á þeim tíma að jafnaði lítil fiskivon við Norður- og Austurland. Þessi mikla fiskisæld í Faxaflóa hefur þó ekki til þessa getað orðið til þeirra almenningsnota, sem efni

standa til sökum hafnleysis og erfiðra löndunarskilyrða á þeim stöðum við flóann, sem stytzt er frá á miðin og hægst til sóknar, en það er af Akranesi við flóann norðanverðan og af Reykjanesskaganum að sunnan.

Reynslan undanfarið um alllangt árabíl sýnir, að mjög eru áhöld um fiski-
gnægð og aflabrögð á miðunum í norðanverðum flóanum og sunnanverðum. Hitt er alkunnugt, að veiðarfærslit og línutap er miklum mun minna á nyrztu mið-
um flóans, þeim sem aðallega er sótt á af Akranesi, en það stafar af því, að föll eru þar ekki jafnpung og sunnar í flóanum og eigi svipað því jafnskarpt hraun í botni eins og á þeim miðum, sem sótt er á frá verstöðvunum á Reykjanesskaga. Tilkostnaðurinn við veiðarfærin er nú orðinn mjög stór og veigamikill þáttur í útgerðinni, og er það því mikilsvert atriði, að lögð sé megináherzla á það að bæta aðstöðuna til þess að hagnýta þau fiskisvæði í flóanum, sem hafa upp á að bjóða beztu og hagkvæmstu aðstöðuna að þessu leyti. Gildir þetta jafnt hag þeirra, sem heima eiga við Faxaflóa, og hinna, sem heimilsfang eiga í öðrum landshlutum, en leita þangað með báta sína á vertíðinni. Akranes er sá staður, sem liggur langsamlega bezt við til sóknar á fiskisvæðin í norðanverðum Faxaflóa. En þar skortir mikið á, að þau hafnarskilyrði séu fyrir hendi, er svari til nauðsynjar alþjóðar á því að eiga þess kost að geta hagnýtt þessi aflasælu og hagstæðu fiskimið. Á Akranesi hefur nú um nokkurt árabíl verið unnið að hafnarbótum, enda mikil úrbót fengin, miðað við það, sem áður var. Er nú verið að ljúka við að byggja bryggju innan við hafnargarðinn. Var það verk hafið á síðastliðnu vori. Bætur þetta nokkuð úr mjög tilfinnanlegum skorti á löndunaraðstöðu.

En þrátt fyrir þetta er hafnarmálum Akraness ekki lengra á veg komið en það, að eftir er að leysa til fullnustu einn meginþátt þeirra, en hann er að fá þar gerða örugga legu fyrir bátafлотann. Hafnargarðurinn er byrjun á þessu mikla verki. Með lengingu á garðinum í beinni stefnu fram og síðan hliðarálmu í stefnu til lands er fengin góð og örugg lega fyrir stóran bátafлотa. En framkvæmd sú, sem hér er miðað við, mundi kosta með núverandi verðlagi um 4 millj. króna. Ástæðan til þess, að hafnargerð á Akranesi er svo mjög kostnaðarsöm, er sú, að dýpi er mikið á hafnarsvæðinu. Af þessum sökum verða hafnarmannvirkin mjög dýr, en það er þó hót í máli, að bátalegan innan hafnargarðsins svarar betur en ella til þeirrar þróunar í útgerðinni, að skipin stækki.

Akurnesingar eru einhuga um það að einbeita orku sinni að því, að þarna komi örugg bátahöfn. En fyrirætlunir þeirra í því efni eru ekki einskorðaðar við heimaútgerð staðarins, heldur það, að útgerðarmenn og sjómenn í öðrum landshlutum geti og fengið þar jafna aðstöðu við þá. Hér er þess vegna um framkvæmd að ræða, sem einnig og ekki síður tekur til þorskveiðaútgerðarinnar í fjarlægum landshlutum og getur haft mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir hana. Alþjóðarhagsmunir á sviði fiskveiða eru tengdir við þessa framkvæmd, enda er það vitað, að útgerðarmenn og fjöldi sjómanna víðs vegar um land telja það mikið hagsmunamál fyrir sig og biða þess með hinni mestu óþreyju, að hafnarskilyrðin á Akranesi verði sem fyrst bætt.

Þótt hafnarbætur á Akranesi séu slíkt alþjóðamál sem hér hefur verið lýst, þá hafa þær framkvæmdir eigi til þessa notið fjárframlags af því opinbera í hlutfalli við þá sérstöðu. Brýna nauðsyn ber til þess, að úr þessu verði bætt. Framkvæmdir á jafndýru verki velta á því, að það sé gert. Því er í þessu frv. farið fram á það, að úr hafnarbótasjóði verði á næsta ári varið 1 millj. króna til hafnargerðarinnar gegn jafnmiklu framlagi frá hafnarsjóði Akraneskaupstaðar.

Það orkar ekki tvímælis, að tilgangi hafnarbótasjóðs, eins og hann er markaður í 1. gr. laganna, að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða, sé vel og réttilega fullnægt með því að veita fé úr sjóðnum til hafnargerðar á þessum stað. Betur verður ekki sú hugsjón, sem þessi löggjöf á að þjóna, sýnd í verki.

Um framkvæmd hafnargerðarinnar, sem lýst er hér að framan og áætlað er, að kosta muni með núverandi verðlagi um 4 millj. króna, er það að segja, að þegar búið væri að vinna fyrir helming þeirrar upphæðar, er fengið legupláss fyrir allstóran hóp bátata, ef við er höfð svipuð tilhögun á hagnýtingu legunnar og gert er nú í Vestmannaeyjum og Keflavík. Hin brýna þörf á bættum hafnarskilyrðum á Akranesi knýr því mjög fast á um það, að með einu átaki verði hrundið í framkvæmd því verki, sem lagður er fjárhagsgrundvöllur að í þessu frv. Framhaldi verksins úr því mætti svo þoka áfram í fleiri skrefum með fjárstuðningi þess opinbera á grundvelli núgildandi hafnarlaga. Við hverja viðbót aukast þá óðfluga skilyrðin fyrir aukinni útgerð á þessum stað. Þeim fjölgar nú með ári hverju, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, aðkomubátunum, sem gerðir eru út frá Akranesi á vetrarvertíðinni. Flestir voru þeir um tíma níu talsins, á s. l. vetrarvertíð.

Hafnarbætur á Akranesi eru, eins og nú er komið, svo veigamikill þáttur í bættri aðstöðu landsmanna til hagnýtingar á hinum fiskauðugu miðum í Faxaflóa, að eigi verður hjá því komizt, að nú þegar verði hafizt handa um stórfellt átak til úrlausnar því máli. Frv. það, sem hér um ræðir, er þýðingarmikill liður í framgangi þessa mikla og aðkallandi nauðsynjamáls.